

**Nd.**

**276. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 138 (Einkasala á bifreiðum o. fl.).

Frá Gísla Guðmundssyni.

Meginmál brtt. orðist svo:

Fimm manna nefnd skal hafa með höndum, þegar ekki er hægt að fullnægja eftirspurn, úthlutun allra bifreiða, sem fluttar eru til landsins. Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu fjóra menn í nefndina og fjóra til vara, en hinn fimmta skipar ríkisstjórnin eftir tilnefningu landssambands fólksflutningsbifreiðarstjóra og varamann hans eftir tilnefningu landssambands vörubifreiðarstjóra, og taki hann sæti í nefndinni, þegar ákveðin er úthlutun vörubifreiða. Á meðan eigi er stofnað landssamband, annast sams konar stéttarfélag bifreiðarstjóra í Reykjavík tilnefningu í þess stað. Nefndin skal fylgja þeirri reglu, að a. m. k. tveir þriðju þeirra fólksflutningabifreiða, sem fluttar eru inn árlega, fari til atvinnubilstjóra og bifreiðastöðva.